**Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 6. bekkur**
**skólaárið 2025-2026**

**Kennari:** Marinó Oddur
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið

## Virðing-Ábyrgð-Árangur-Ánægja

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk** | Læri að nota verkfæri og vélar við hæfi á öruggan hátt.<br><br>Kynnist hættum sem fylgja notkun verkfæra og véla sem þau nota.<br><br>Unnið úr nokkrum gerðum smíðaefna s.s. mdf, krossvið, tré, plasti og málmum.<br><br>Kynnist magvislegum samsetningaraðferðum og kostum þeirra.<br><br>Unnið eftir leiðbeiningum við hæfi. | Nemendur þjálfast í að nota verkfærin sem þau hafa unnið með fram til þessa og bæta fleirum við eins t.d. handhefli.<br>Helstu mælitæki s. s. málstokk og málband.<br><br>Verkefni af ýmsum toga | Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.<br>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.<br><br>Frammistaða í tímum er metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hönnun og tækni** | Tjáð hugmyndir sínar með skissu<br><br>Geti gert einfalda vinnuteikningu og málsett hana.<br><br>Lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni.<br><br>Valið samsetningar sem hæfa.<br><br>Framkvæmt einfaldar samsetningar<br><br>Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form, uppbyggingu og notagildi.<br><br>Geti sagt frá orkugjöfum sem nota má til að knýja smíðaverkefni.<br><br>Geti bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.<br><br>Geti greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.<br><br>Valið og notað yfirborðsmeðferð. | **Nemendur læra:**<br>Nemendur teikna mynd af viðfangsefni eftir eigin hugmynd, yfirfæra á efnivið sem á að nota. Forma með viðeigandi verkfærum. Slípa, lita og lakka.<br><br>að setja saman hluti  s.s. líma, negla og skrúfa.<br><br>að skissa og málsetja og nota við smíðina<br>að forma hlutinn með að slípa, sverfa og pússa<br><br>t.d. um vogarafl, gorma og teygjur<br><br>s.s. tölvur, símar, ský, þurfum ekki að fara út í búð, getum pantað og borgað í gegnum netið.<br><br>s.s. afhverju notum við hnífapör og afhverju eru þau alltaf svipuð?<br><br>að læri að nota akrýlliti, bæs, lakk og olíu. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Umhverfi** | Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt<br><br>Geti gert grein fyrir hvort og hvaða efni séu hættuleg.<br><br>Notað ný og endurunnin efni í smíðavinnu.<br><br>Ræðum um hluti sem hægt væri að lengja líftíma.<br><br>Vera meðvituð um réttar vinnustellingar og notað viðeigandi hlífðarbúnað. | Nemendur læri um íslenskar viðartegundir og vinni verkefni tengdum þeim.<br><br>Endurnýtingu á efni.<br><br>Sem dæmi: ef til er ostaskeri heima hjá nemendum sem hefur bilað handfang væri hægt að koma með hann og laga eða gera nýtthandfang<br><br>að nota eyrnahlífar og hlífðargleraugu eftir atvikum rétta líkamsstöðu við vinnu. | Metin er skilningur nemenda á mismunandi smíðaefnum.<br><br>Metin er hæfi til að vinna með ólíkum vinnubrögðum við verkefnagerð. |

**Námsgögn:**
Bækur, blöð og efni á netinu til hugmyndavinnu. Efniviður sem skólinn kaupir og einnig er í boði að nemendur komi með efni sem þeir vilja nota (kannski eitthvað sem þeir hafa fundið í fjörunni eða annarsstaðar).

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár.
Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma.
Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi ogsafna þannig á hæfnikort sitt.